

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hefur lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu ákveðið eftirfarandi:

1. Að banna bifreiðastöður við vesturhlið Bakkastígs frá Mýrargötu að Nýlendugötu.
2. Að banna bifreiðastöður við austurhlið Bakkastígs frá Nýlendugötu að Mýrargötu.
3. Að banna bifreiðastöður við austurhlið Norðurstígs frá Vesturgötu að Mýrargötu. Stöðubannið skal merkt með umferðarmerkinu B21.11 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
4. Að tvær nýjar göngubverarnir yfir Hagatorg við Neshaga og á móts við Hótel Sögu verði merktar sem gangbrautir. Gangbrautin skal merkt beggja vegna vegar með umferðarmerkinu D02.11 og yfirborðsmerkingu vegar með M13 samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.
5. Að almenn bifreiðastæði við götukanta vestanmegin á Barónsstíg, frá Eiríksgötu að Laufásvegi og á Eiríksgötu frá Barónsstíg að Snorrabraut verði gjalskyld og að svæði verði skilgreint sem gjaldsvæði 2 með gjaldskyldutíma virka daga frá kl. 09.00 – 18.00 og laugardaga frá kl. 10.00 – 16.00.
6. Að almenn bifreiðstæði á lóð Landspítala við Hringbraut verði gerð gjaldskyld og að svæðið verði skilgreint sem gjaldsvæði 4 með gjaldskyldutíma virka daga frá kl. 08.00 – 16.00 (sjá meðfylgjandi kort). Gjaldskyldusvæði skal merkja samkvæmt reglugerð um umferðarmerki og notkun þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu, 12. desember 2018.

Sigríður Björk Guðjónsdóttir.

Fylgiskjal.

Svæði gjaldskyldra bílastæða á lóð Landspítala, Hringbraut.



B-deild – Útgáfud.: 4. janúar 2019